

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 10. júní 2020

Mál nr. E-7432/2019:

A og B o.fl.

(Flosi Hrafn Sigurðsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 3. júní 2020, var höfðað 10. desember 2019 af hálfu A, C og D og af hálfu B á hendur íslenska ríkinu til greiðslu skaðabóta. Stefnandi A fer með fyrirvar og ráðstafar sakarefninu fyrir stefnendur C og D sem móðir þeirra og lögráðamaður, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Af hálfu stefnenda hvers og eins er gerð sjálfstæð dómkrafa á hendur stefnda um að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 2.000.000 króna ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. málslíð 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 22. nóvember 2018 til 26. september 2019, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga, til greiðsludags. Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað að teknu tilliti til virðisaukaskatts með hliðsjón af málskostnaðaryfirliti eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnenda og að þau verði dæmd til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnenda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna

Atvik málsins er að rekja til rannsóknar lögreglu á afbrotum E, sem þá var maki stefnanda A og er faðir annarra stefnenda. Krefjast stefnendur skaðabóta vegna tjóns sem þau hafi orðið fyrir sökum rannsóknaraðgerða lögreglu þann 22. nóvember 2018. Rannsókn lögreglu leiddi til þess að E var í kjölfarið ákærður og dæmdur til refsingar fyrir fíkniefnaframleiðslu, sem hann hafði jatað.

Samkvæmt því sem nánar greinir í stefnu, greinargerð, gögnum málsins og skýrslum fyrir dómi voru atvik þau að E var handtekinn eftir að lögregla hafði afskipti af

honum vegna gruns um fíkniefnabrot og hafði munnvatnssýni þá gefið jákvæða svörun. E var handtekinn fyrir utan grunnskóla, en þangað var hann kominn til að sækja son sinn, stefnanda D. Hringdi E þá í stefnanda A sem kom að skólanum og sótti drenginn, en dóttir þeirra, stefnandi C, var heima á meðan. Lögregla hafði haft grun um að E ræktaði kannabisplöntur og færðu tveir lögreglumenn hann í lögreglubíl að sumarhúsi því sem þá var heimili hans og stefnanda. Þar synjaði hann lögreglu um heimild til húsleitar og kvaðst ekki hafa umráð skúrs við húsið. Stefnandi A kvaðst þar ekki heldur hafa umráð skúrsins eða lykil að honum og bað lögreglu að fara af lóðinni. Tveir lögreglumenn í öðrum lögreglubíl komu að sumarhúsinu og tóku við vöktun skúrsins, en E var fluttur á lögreglustöð þar sem tekið var úr honum blóðsýni, sem síðar leiddi í ljós að jákvæð svörun fíkniefnaprófs tengdist ekki kannabis heldur lyfseðilsskyldu lyfi. E veitti lögreglu heimild til húsleitar í sumarhúsinu sem fjölskyldan bjó í og í skúrnum, sem hann reyndist hafa lykla að, eftir að lögreglumaður sem vaktaði eignina hafði upplýst um megna kannabislykt frá skúrnum. Stefnandi A og yngri börnin, D og C, voru þá heima við en stefnandi B, sem einnig var þar búsettur kom þangað akandi eftir að E hafði verið fluttur á lögreglustöðina og eftir að lögreglumaður á staðnum hafði látið vita af vísbendingum um að framleiðsla fíkniefna færi fram á eigninni. Munnvatnssýni vegna fíkniefnaprófs var tekið af B í lögreglubifreið þegar hann kom í hlað og gaf prófunin neikvæða svörun um fíkniefna- eða áfengisneyslu. E upplýsti A í símtali frá lögreglustöðinni um að hann hefði heimilað leit á eigninni og bað hana að fara að heiman með börnin, sem hún gerði ásamt B. Við leit á eigninni í framhaldinu, að viðstöddum E og lögmanni hans, fundust kannabisplöntur í skúrnum og tæki og áhöld til ræktunar, en stjórnbúnaður fyrir hita, raka og lýsingu fannst inni í sumarhúsinu. A kvaðst fyrir dómi ein hafa verið leigutaki sumarhússins, en eigandi þess hefði einn haft umráð skúrsins og hann hefði oft komið og farið í skúrinn. E kvaðst fyrir dómi í raun hafa haft umráð skúrsins samkvæmt samkomulagi sínu við eiganda eignarinnar og hafa hafið ræktun kannabis þar í ágúst 2018 án þess að stefnendur vissu um það.

Stefnendur telja að stefnda beri að greiða þeim bætur vegna miska sem aðgerðir lögreglu hafi valdið þeim, en stefndi telur skilyrði bótaskyldu ekki vera fyrir hendi.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur stefnendur A og B. Vitni báru E, fyrrum maki A og faðir annarra stefnanda, F sálfræðingur og fjórir lögreglumenn sem komu að rannsókn málsins.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnendur kveða aðgerðir lögreglu hafa verið gerðar þeim að ósekju og að þeir eigi allir rétt á miskabótum vegna þeirra. Stefnandi A hafi þurft að þola húsleit og nauðsynjalausa frelsissviptingu, þar sem henni og börnum hennar hafi verið meinað að yfirgefa heimili sitt. Bótaréttur A byggist aðallega á hlutlægri bótareglu 3. mgr. 246. gr. laga um meðferð

sakamála nr. 88/2008, þar sem fram komi að þótt maður hafi ekki verið borinn sökum í sakamáli þá eigi viðkomandi samt sem áður rétt til bóta ef hann hefur beðið tjón af þeim aðgerðum sem taldar eru upp í 2. mgr. sömu greinar. Krafist sé miskabóta samkvæmt 5. mgr. 246. gr. sakamálalaga en til vara byggist krafan á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Aðgerðir lögreglu hafi falið í sér meingerð gegn frelsi A, friði, æru og persónu. Einnig eigi bótakrafan sér stoð í 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segi að hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skuli hann eiga rétt til skaðabóta.

Miski stefnanda A sé umtalsverður en hún hafi að ósekju og án hennar samþykkis verið látin sæta húsleit á heimili sínu og verið svipt frelsi. Henni hafi verið meinað að yfirgefa húsið og teljist því sæta handtöku lögreglu frá því tímamarki og þar til hún hafi fengið heimild til að yfirgefa heimili sitt kl. 17:15. Lögreglu sé heimilt að handtaka mann ef hann hefur framið brot sem gæti sætt ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum, sbr. 1. mgr. 90. gr. sakamálalaga. A hafi verið með öllu grandlaus um ræktun fyrrverandi maka síns og því séu skilyrðin ekki uppfyllt og handtakan því ólögmat og óþörf. Samskipti lögreglunnar við A hafi einkennst af skeytingarleysi þar sem hún hafi ítrekað óskað eftir því að lögreglan yfirgæfi lóðina en hafi verið hunsuð. Henni hafi verið mjög brugðið og fundist þessar aðstæður bæði erfiðar og íþyngjandi. Einnig hafi henni verið þungbært að sjá lögregluna handtaka fyrrverandi maka sinn og son sinn, stefnanda B. Allt hafi þetta valdið henni hræðslu, hugarangri og miska.

Samkvæmt 1. mgr. 75. gr. sakamálalaga skuli leit samkvæmt 74. gr. laganna aðeins ákveðin með dómsúrskurði eða með ótvíræðu samþykki eiganda eða umráðamanns. Þetta skilyrði hafi ekki verið uppfyllt fyrr en húsleitarheimild hafi verið undirrituð kl. 17:29. Skilyrði undanþágu 2. og 3. mgr. 75. gr. hafi ekki heldur verið uppfyllt og hafi könnun utanhúss á lóð stefnanda A, áður en húsleitarheimild var gefin út, því verið með öllu ólögmat. Lögreglumaður hafi um kl. 15:00 gengið um lóðina, leitað, tekið í húna og ekki virt tilmæli hennar um að yfirgefa eignina og um tuttugu mínútum síðar hafi fjórir til sex lögreglumenn gengið um lóðina, leitað og tekið myndir. Samkvæmt munaskýrslu hafi nánar tilgreindir munir verið haldlagðir kl. 16:45 þó að húsleitarheimild hafi ekki verið undirrituð fyrr en kl. 17:29. Gerð hafi verið ítarleg húsleit, þar sem lögreglumenn hafi farið um húsið, grandskoðað öll herbergi, farið m.a. í gegn um muni A, og skoðað í allar skúffur og skápa á heimilinu. Með þessum aðgerðum hafi verið gengið harkalega á friðhelgi A sem varin sé í 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Bótaréttur stefnanda C og D sé aðallega reistur á hlutlægri bótareglu 3. mgr. 246. gr. sakamálalaga, sem eigi við þar sem lögregla hafi leitað á heimili þeirra og svipt þau frelsi sínu er þeim hafi verið meinað að yfirgefa heimili sitt. Krafist sé miskabóta samkvæmt 5. mgr. 246. gr. sakamálalaga en til vara byggist krafan á b-lið 1. mgr. 26. gr.

skaðabótalaga og eigi bótakrafa þeirra sér einnig stoð í 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar um skaðabótarétt þess sem sviptur hefur verið frelsi að ósekju. Í aðgerðum lögreglu hafi falist ólögsmæt meingerð gegn frelsi þeirra, friði, æru og persónu og sé miski þeirra umtalsverður. Þau hafi barnung að ósekju verið látin sæta húsleit og lögregluafskiptum á heimili sínu og verið meinað að yfirgefa það. Lögreglumenn hafi farið um heimili þeirra, grandskoðað öll herbergi, farið í gegn um muni þeirra og skoðað í allar skúffur og skápa. C hafi séð að farið hefði verið í gegnum skúffur og skápa í herbergi hennar og D hafi vel gert sér grein fyrir því þar sem búið hafi verið að raða leikföngum hans upp með öðrum hætti en var þegar hann fór að heiman. Hann hafi verið átta ára gamall og sé greindur með einhverfu, sem geri það að verkum að öll ófyrirsjáanleg atvik séu honum einstaklega þungbær og íþyngjandi. Hann hafi verið viðstaddur þegar lögreglan hafi handtekið föður hans fyrir utan grunnskólann og hafi þegar orðið mjög hræddur. Hann hafi beinlínis verið óttasleginn og haft áhyggjur af því að lögreglan væri vopnuð og myndi jafnvel skjóta á sig eða föður sinn.

Með þessum aðgerðum hafi verið gengið harkalega á friðhelgi einkalífs stefnanda C og D sem varin sé í 71. gr. stjórnarskrárinnar. Allt hafi þetta valdið þeim báðum miklu hugarangri, ónotum og miska og D einnig kvíða. Minningin um þessi atvik valdi þeim báðum enn hugarangri. Bæði hafi þau orðið mjög óttaslegin og ringluð þegar lögreglan hafi leitt bróður þeirra, stefnanda B, inn í lögreglubíl. D hafi verið mjög smeykur í þessum aðstæðum, eins og vænta megi þegar barn er skyndilega lent í umfangsmiklum lögregluáðgerðum, og hafi engan veginn áttað sig á því hvers vegna heimili þeirra var skyndilega umkringt lögreglubílum og þeim meinað af lögreglunni að yfirgefa heimili sitt. C hafi orðið mjög hrædd og óörugg á eigin heimili þegar hún hafi fengið að snúa aftur heim eftir húsleitina. D hafi ekkert viljað borða eftir húsleitina og ekki tala, hann hafi setið stjarfur og horft út í loftið. Hann hafi endurtekið með reglulegu millibili orðin „mamma ég er svo hræddur“, en hafi annars ekkert sagt að fyrri bragði. Þegar heim kom hafi móðir hans orðið að ganga úr skugga um að enginn væri inni í húsinu og hann hafi ekki þorað að hreyfa sig eða fara á milli herbergja öðruvísi en að spyrja móður sína hvort það væri óhætt. D glími enn við vanlíðan og kvíða vegna atvikanna. Hann hafi meðal annars gengið til sálfræðings og fengið stuðning til þess að vinna úr tilfinningum og eftirköstum tengdum áfallinu sem hann hafi orðið fyrir við aðgerðir lögreglu.

Bótakrafa stefnanda B byggist aðallega á hlutlægum bótareglum 1.-3. mgr. 246. gr. sakamálalaga. Sá hluti bótakröfu sem eigi rætur sínar að rekja til aðgerða lögreglu gegn honum í tengslum við rannsókn máls nr. 313-2018-027648, þ.e. leit, líkamsrannsókn og frelssvipting, sé aðallega reistur á 1. og 2. mgr. 246. gr. sakamálalaga. Samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laganna eigi maður sem sé borinn sökum í sakamáli rétt til bóta samkvæmt 2. mgr. hafi mál hans verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann væri

talinn ósakhæfur. Samkvæmt 2. mgr. 246. gr. sakamálalaga skuli dæma bætur vegna aðgerða samkvæmt IX.–XIV. kafla laganna ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Sá hluti bótakröfu sem eigi rætur sínar að rekja til aðgerða lögreglu gegn stefnanda B í tengslum við rannsókn máls nr. 313-2018-027646, þ.e. húsleit og frelsissvipting, sé aðallega reistur á 3. mgr. 246. gr. sakamálalaga. Til þess ákvæðis sé einnig vísað til vara um aðgerðir lögreglu í tengslum við rannsókn máls nr. 313-2018-027648, verði stefnandi B ekki talinn sakborningur í málinu. Samkvæmt 3. mgr. 246. gr. sakamálalaga eigi maður sem ekki hefur verið borinn sökum í sakamáli rétt til bóta ef hann hefur beðið tjón af þeim aðgerðum sem taldar séu upp í 2. mgr. sömu greinar. Því sé gerð krafa um miskabætur, sbr. 5. mgr. 246. gr. laganna.

Miskabótakrafa stefnanda B sé til vara reist á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga verði miski hans ekki talinn bótaskyldur á grundvelli 246. gr. sakamálalaga. Aðgerðir lögreglu hafi falið í sér meingerð gegn frelsi hans, friði, æru og persónu. Einnig eigi bótakrafan sér stoð í 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar um að hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skuli hann eiga rétt til skaðabóta.

Miski B sé umtalsverður. Hann hafi að ósekju og án hans samþykkis verið látinn sæta húsleit á heimili sínu og verið sviptur frelsi. Fjórir til sex lögreglumenn hafi farið um húsið, grandskoðað öll herbergi, farið í gegnum muni hans og skoðað í allar skúffur og skápa á heimilinu. Með þessum aðförum hafi verið gengið harkalega á friðhelgi einkalífs hans, sem varin sé af 71. gr. stjórnarskrárinnar. Allt hafi þetta valdið honum miklu hugarangri, ónotum og miska.

Stefnandi B hafi verið handtekinn og færður í lögreglubifreið og hafi þurft að þola frelsissviptingu allt þar til hann hafi fengið heimild frá lögreglu til að yfirgefa heimili sitt kl. 17:15. Lögreglu sé heimilt að handtaka mann hafi hann framið brot sem gæti sætt ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum, sbr. 1. mgr. 90. gr. sakamálalaga. Þau skilyrði séu ekki uppfyllt og handtakan því bæði ólögmet og óþörf. Honum hafi fundist að sér vegið með þessum tilefnislausu aðgerðum og hafi liðið bæði illa og ónotalega í haldi lögreglu þar sem þjarmað hafi verið að honum til að gefa líkamssýni án nokkurrar ástæðu. Líkamsleit lögreglunnar hafi valdið honum miska. Á honum hafi bæði verið þreifað og þuklað og með því gengið harkalega á friðhelgi einkalífs hans. Tilhæfulaus líkamsrannsókn lögreglu vegna máls[ins] hafi einnig valdið honum töluverðum miska en með henni hafi verið gengið eins nálægt friðhelgi einkalífs hans og líkama og unnt sé. Það hafi fengið mjög á hann að þurfa að gangast undir slíkar rannsóknir að tilhæfulausu. Við mat á miska stefnanda B sé einnig á því byggt að aðgerðirnar hafi í reynd verið ólögmetar. Viðhlítandi rökstuddur grunur um brot hafi ekki verið fyrir hendi, nauðsyn hafi ekki staðið til aðgerðanna og lagaskilyrði aðgerðanna hafi því ekki verið uppfyllt, sbr. einkum,

76. og 77. gr. sakamálalaga. Ólögmati aðgerðanna í heild sinni hafi verið til þess fallið að auka enn frekar á miska stefnanda B.

Miskabætur í málum sem þessum séu jafnan metnar að álitum og ákveðnar í einu lagi þó að um margar einstakar lögregluaðgerðir hafi verið að ræða. Við slíkt heildarmat á miska stefnanda verði auk framangreinds að líta til þess að með aðgerðunum hafi verið brotið gegn skráðum og óskráðum meðalhófsreglum, sbr. m.a. 3. mgr. 53. gr. og 2. mgr. 93. gr. sakamálalaga og 2. mgr. 13. gr. og 14. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, en með aðgerðunum hafi verið gengið miklu lengra en þörf hafi verið á. Auk þess hafi verið gengið of harkalega fram við aðgerðirnar. Óútskýrt sé hvers vegna hefja hafi þurft leit á eigninni áður en leyfi til húsleitar hafi sannarlega verið undirritað og hvers vegna halda hafi þurft stefnendum á heimili þeirra í rúmar tvær klukkustundir. Aldrei hafi staðið raunveruleg nauðsyn til að ganga á rétt stefnanda, hefja aðgerðir áður en skilyrði fyrir húsleit hafi verið uppfyllt og hindra för þeirra, en með því hafi verið gengið lengra en nauðsynlegt hafi verið. Enn fremur hafi vistun í lögreglubifreið, líkamsleit og líkamsrannsókn á stefnanda B falið í sér skýrt brot á meðalhófi. Við heildarmat á miska stefnanda allra verði einnig að hafa í huga að með aðgerðum lögreglu hafi verið gengið gegn grundvallarréttindum þeirra, bundnum í stjórnarskrá og Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þar sé m.a. um að ræða rétt þeirra til að vera ekki svipt frelsi, sbr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. gr. MSE, og rétt til friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. MSE.

Varðandi stefnendur C og D beri einnig að horfa sérstaklega til ákvæða samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Einkum sé í því sambandi vísað til 1. mgr. 16. gr. samningsins um að ekki megi láta barn sæta gerræðislegum eða ólögमतum afskiptum af einkalífi þess. Um slík ólögमत afskipti af einkalífi þeirra hafi hér verið að ræða, enda hafi aðgerðirnar bæði verið ónauðsynlegar og brotið gegn meðalhófi. Í 1. mgr. 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sé kveðið á um tilkynningarskyldu lögreglu og sambærilegt ákvæði sé í 18. gr. lögreglulaga. Í 1. mgr. 18. gr. barnaverndarlaga, sem gangi lengra, komi fram að lögregla eigi að tilkynna ef grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi átt sér stað, annaðhvort framinn af barni eða gegn því, ef verknaðurinn getur varðað þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi. Af þessu leiði að á lögreglunni hvíli skylda til að tilkynna öll mál þar sem grunur leikur á að aðstæður barna séu óviðunandi eða að þessar aðstæður kunni að vera uppi, og skuli barnið ávallt njóta vafans í samræmi við meginreglu barnaréttar. Heildarmat á aðstæðum og það meinta sakarefni sem rannsóknin hafi beinst að hafi gefið fullt tilefni til að tilkynna til barnaverndar og gefa fulltrúa frá barnavernd tækifæri til að fylgjast með rannsókn lögreglu að því leyti sem aðgerðir beindust gegn börnunum og til að gæta hagsmuna þeirra, meðan á rannsókn stæði og eftir hana.

Stefnendur hafi allir sætt aðgerðum samkvæmt IX.–XIV. kafla sakamálalaga og hafi aðgerðirnar valdið þeim miska. Eigi þau því hlutlægan rétt til bóta nema sýnt sé fram á að þau hafi á einhvern hátt valdið eða stuðlað að aðgerðunum, eins og fram komi í síðasta málslið 2. og 3. mgr. 246. gr. sakamálalaga. Stefnendur hafi ekkert gert til þess að stuðla að aðgerðunum. Þau hafi ekki vitað að E, maki stefnanda A og faðir annarra stefnenda, hefði umræddan skúr til umráða en eigandi húsnæðisins hafi upphaflega verið með hann til umráða og nýtt hann. Allir stefnendur hafi verið grandlausir um meinta ræktun og þær plöntur sem verið hafi í skúrnum og hafi ekki vitað um þær fyrr en lögreglan hafi lagt hald á þær við húsleit umræddan dag. Stefndi beri sönnunarbyrði fyrir því að þau hafi stuðlað að aðgerðunum með þeim afleiðingum að þau missi bótarétt. Samkvæmt almennum lögskýringarreglum beri að túlka undanþágu frá hlutlægum bótarétti þröngt og 246. gr. sakamálalaga feli í sér hlutlæga bótaábyrgð. Engu breyti um bótarétt stefnenda samkvæmt 246. gr. laganna þótt talið verði að lögreglu hafi verið heimilt að krefjast munnvatnssýnis eða gera leit. Að sama skapi breyti engu um bótarétt þeirra þótt talið verði að fullt tilefni hafi verið til aðgerðanna í heild. Þá breyti engu um bótarétt stefnenda þótt rökstuddur grunur hafi verið um það að fyrrverandi maki stefnanda A og faðir annarra stefnenda stundaði kannabisræktun á heimilinu eða þótt hann hafi verið sakfelldur í málinu með dómi [...]. Sakamálalög mæli ekki fyrir um brottfall bótaréttar stefnenda á þeim grundvelli að maki eða faðir stefnenda kunni að hafa stuðlað að aðgerðunum. Bótaréttur stefnenda sé sjálfstæður og óháður bótarétti hans og verði þau því ekki samsömuð honum á þann hátt að athafnir hans leiði til brottfalls bótaréttar stefnenda.

Stefnendur krefjist almennra vaxta frá og með þeim degi er hin bótaskyldu atvik áttu sér stað, þ.e. frá 22. nóvember 2018, sbr. 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. málslið 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Þau krefjist dráttarvaxta frá 26. september 2019, þ.e. mánuði eftir að þau hafi lagt fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga, til greiðsludags. Málskostnaðar sé krafist úr hendi stefnda samkvæmt XXI. kafla laga um meðferð einkamála, sérstaklega 130. gr., en stefnendur hafi reynt að semja um málið utan réttar og hafi í því skyni sent ítarleg kröfubréf 26. ágúst 2019. Stefndi hafi hafnað bótakröfu í málinu með vísan til þess að fullt tilefni hafi verið til aðgerðanna. Ekki hafi verið á því byggt að stefnendur kynnu að hafa stuðlað að aðgerðunum og hafi svör stefnda því ekki tekið mið af þeim hlutlæga bótagrundvelli sem kröfurnar séu reistar á. Þetta hafi þvingað stefnendur til þess að sækja rétt sinn fyrir dómi með tilheyrandi auknum kostnaði.

Stefnendur vísi til meginreglna skaðabóta- og refsiréttar auk meginreglna opinbers réttarfars og stjórnarskrárinnar um þvingunaraðgerðir. Þau vísi í heild til laga um meðferð sakamála, sérstaklega til 53. gr., 74. gr.–77. gr., 90. gr., 93. gr. og 246. gr. laganna. Þá sé vísað til skaðabótalaga, einkum 26. gr. Einnig sé vísað til lögreglulaga,

einkum 13. gr., 14. gr. og 18. gr. laganna, og barnaverndarlaga, einkum 18. gr. Þá vísi þau til stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sérstaklega 67. gr. og 71. gr., og mannréttindasáttmála Evrópu, sérstaklega 5. gr. og 8. gr. Einnig vísi þau til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sérstaklega 16. gr., og til laga um meðferð einkamála um málskostnað, varnarþing og fyrirvar. Um virðisaukaskatt sé vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og um dráttarvexti til III. og IV. kafla vaxtalaga.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi hafni öllum málsástæðum stefnenda til stuðnings kröfu þeirra um rétt til miskabóta. Stefnendur geti ekki byggt rétt sinn á 1.-3. mgr. 246. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og miskabótakrafa verði ekki byggð á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 þar sem aðgerðir lögreglu geti í engu talist hafa verið ólögmatar. Ekki verði byggt á ákvæðum stjórnarskrár um bótarétt vegna frelsissviptingar að ósekju, enda sé alls ósannað að stefnendur hafi þurft að sæta nokkurri frelsisskerðingu. Því sé jafnframt hafnað að aðgerðir lögreglu þann 22. nóvember 2018 hafi brotið gegn skráðum og óskráðum meðalhófsreglum, ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins eða ákvæðum barnaverndarlaga um tilkynningarskyldu lögreglu.

Stefndi hafni því að hann sé bótaskyldur gagnvart stefnanda A vegna húsleitarinnar á grundvelli 3. mgr. 246. gr. sakamálalaga. Hún hafi í fyrsta lagi ekki sýnt fram á tjón sitt og í öðru lagi verði að telja að hún hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hún byggir kröfu sína á. Bótaréttur samkvæmt ákvæðinu sé bundinn þeim skilyrðum að sá sem telji sig eiga rétt á bótum samkvæmt því sýni fram á að tjón hafi orðið og að orsakatengsl séu milli þess tjóns og þeirra aðgerða sem krafist er bóta fyrir. Bótareglan sé því ekki hlutlæg gagnvart þeim sem ekki sé borinn sökum í máli, andstætt því sem haldið sé fram í stefnu. Stefndi hafni því að húsleit á heimili A og í skúrum við heimili hennar hafi valdið henni nokkru tjóni. Jafnvel þó að henni takist að sýna fram á tjón sitt þá séu ekki orsakatengsl milli húsleitarinnar og þess miska sem hún telji sig hafa orðið fyrir. Þrátt fyrir að ganga megi út frá því að í þeim tilvikum sem aðili sé saklaus borinn sökum í máli sé húsleit það íþyngjandi að hún valdi þeim sem hana þurfi að þola miska sé ekki hið sama uppi á teningnum í málum sem þessu. Húsleitinn hafi ekki beinst gegn A persónulega og sé ekki til komin vegna þess að hún væri grunuð um refsivert athæfi. Ekki sé tilefni til að slaka á kröfum um að tjón sé sannað þegar dæma skuli bætur á grundvelli 3. mgr. 246. gr. sakamálalaga. Ákvæðið verði ekki túlkað með þeim hætti að allir þeir sem hafi dvalarstað eða lögheimili þar sem húsleit fari fram öðlist ósjálfrátt rétt til miskabóta með sama hætti og sakborningur í þeim tilvikum þar sem mál á hendur honum hafi verið fellt niður eða hann sýknaður. Stefnandi A hafi ekki lagt fram nein

gögn til stuðnings fullyrðingum um að framangreind húsleit hafi valdið henni miska og sé það ósannað að húsleitinn hafi verið til þess fallin að valda henni miska.

Stefnandi A telji sig jafnframt eiga rétt á miskabótum vegna þess að hún hafi verið svipt frelsi sínu. Henni hafi verið meinað að yfirgefa heimili sitt og verði hún því talin hafa sætt handtöku lögreglu. Stefndi hafni því að henni hafi verið meinað að yfirgefa heimili sitt frekar en að henni hafi verið gert að koma þangað á annað borð. Hún hafi ekki lagt fram nein gögn sem styðji þessa fullyrðingu og ekkert í gögnum málsins hjá lögreglu bendi til þess að hún hafi með nokkrum hætti verið svipt frelsi sínu. Fullyrðingar A um það séu ósannaðar og verði henni því ekki dæmdar bætur á grundvelli 3. mgr. 246. gr. laganna vegna þess að hún hafi þurft að sæta handtöku. Af sömu ástæðu geti hún ekki byggt rétt sinn til bóta á ákvæði 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar um bótarétt vegna frelsissviptingar að ósekju, enda hafi hún ekki verið svipt frelsi.

Stefnandi A hafi sjálf stuðlað að þeim aðgerðum sem hún krefjist nú bóta fyrir. Hún hafi verið ósamvinnuþýð á vettvangi. Þá verði að teljast ótrúverðugt að hún hafi ekki vitað eða mátt hafa grun um umfangsmikla ólöglega ræktun maka í skúr við dvalarstað þeirra. Svo sem gögn málsins beri með sér hafi ræktunartjöldin fyllt skúrinn alveg, auk þess sem megnu kannabislykt hafi lagt úr skúrnum. Þá hafi rafmagnsmælir vegna ræktunarinnar verið utan á íbúðarhúsinu og búið hafi verið að líma svart límband yfir mælinn svo ekki sæist á hann. Stjórnbúnaður fyrir lýsingu á ræktuninni hafi verið inni í sumarhúsinu, þ.e. á heimili stefnanda A.

Skilyrði bótaskyldu samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga séu ekki fyrir hendi. Í ákvæðinu sé mælt fyrir um að heimilt sé að láta þann sem ábyrgð ber á ólögmati meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Aðgerðir lögreglu hafi verið fyllilega lögmætar, enda hafi legið fyrir skýrt samþykki til leitarinnar og hún farið fram í fyllsta samræmi við meðalhóf. Því sé ekki um neina ólögmeta meingerð í skilningi ákvæðisins að ræða. Með sömu rökum verði ekki talið að harkalega hafi verið gengið á friðhelgi stefnanda sem varin er af 71. gr. stjórnarskrárinnar. Þá hafi hún ekki sýnt fram á þann miska sem hún telji sig hafa orðið fyrir vegna aðgerðanna. Jafnvel þó að stefnandi teljist hafa sýnt fram á að aðgerðir lögreglu hafi verið ólögætar og að hún hafi orðið fyrir miska, þá hafi ekki verið sýnt fram á að miski hennar sé til kominn vegna hinna ólögætu aðgerða eða að hann hefði verið minni ef aðgerðirnar hefðu verið lögmætar. Ekki sé óeðlilegt að það sé þungbært að upplifa að maki hafi orðið uppvís að refsiverðu athæfi eða að leita þurfi á heimili manns í tengslum við rannsókn sakamáls. Hafi stefnandi fundið fyrir hugarangri og ónotum eftir aðgerðirnar megi allt eins rekja það til þeirrar staðreyndar að maki hennar hafi verið sakborningur í sakamáli. Þá verði að líta til eigin sakar stefnanda. Hún hafi annars vegar ákveðið að koma á vettvang og dvelja þar með börn sín þrátt fyrir að lögreglan væri á staðnum, og hins vegar að fara ekki af vettvangi. Henni hafi verið í löfa

lagið að fara af vettvangi ef aðstæður ollu henni eða börnum hennar óþægindum og þannig takmarka meint miskatjón þeirra.

Stefndi hafni því að stefnendur, C og D, geti átt bótakröfu á hendur honum á grundvelli 3. mgr. 246. gr. sakamálalaga með sömu rökum og eigi við um kröfu A. C og D hafi aldrei verið svipt frelsi sínu auk þess sem húsleitinn hafi ekki verið til þess fallin að valda þeim miska. Ekki hafi verið sýnt fram á miskatjón þessara stefnenda. Þau geti ekki átt bótarétt vegna húsleitar þar sem þau séu ekki eiginlegir þolendur hennar. Þau séu ólöggráða og búi hjá foreldrum sínum sem hafi umráð yfir húsnaðinu og eigum þeirra. Rétt eins og þau hafi hvorki heimild til að hafna eða samþykkja leit á heimili sínu geti þau ekki byggt bótarétt á ákvæði 246. gr. um bætur vegna húsleitar. Um sýknu af kröfu stefnenda, C og D, á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga eigi öll sömu rök við og um sambærilega kröfu stefnanda A.

Stefnandi B byggi bótakröfu sína aðallega á hlutlægri bótareglu í 1. og 2. mgr. 246. gr. sakamálalaga. Stefnandi hafni því að skilyrði bótaréttar á þeim grundvelli séu uppfyllt enda sé þar annars vegar gert ráð fyrir að sakamál á hendur bótakrefjanda hafi verið fellt niður eða hann sýknaður í dómsmáli og hins vegar að hann hafi verið beittur þvingunaraðgerðum á grundvelli sakamálalaga, en hvorugt skilyrðið sé uppfyllt. Því sé mótmælt að B geti talist hafa þurft að sæta handtöku eða öðrum þvingunaraðgerðum, svo sem líkamsleit, á grundvelli sakamálalaganna. Hann hafi ekki sýnt fram á að svo hafi verið og ekkert í framlögðum gögnum styðji þá fullyrðingu. Hann geti ekki heldur byggt bótarétt sinn á 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar enda hafi hann aldrei verið sviptur frelsi. Þá hafi ekkert mál verið stofnað á hendur honum sem fellt hafi verið niður og hann því aldrei verið borinn sökum í máli í skilningi 246. gr. sakamálalaga. Hann hafi verið beðinn um öndunarsýni í samræmi við heimildir lögreglu samkvæmt 47. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Sýnið hafi ekki gefið til kynna að hann væri undir áhrifum áfengis eða fíkniefna við aksturinn og hafi þá ekki verið aðhafst frekar. Slík rannsókn á grundvelli umferðarlaga geti ekki við þessar aðstæður verið grundvöllur bótaskyldu stefnda.

Með fyrrgreindum rökum sé því hafnað að stefnandi B geti átt bótakröfu á hendur stefnda á grundvelli 3. mgr. 246. gr. sakamálalaga. Hann hafi aldrei verið sviptur frelsi sínu auk þess sem húsleitinn hafi ekki verið til þess fallin að valda honum nokkrum miska og ekki hafi verið sýnt fram á miskatjón hans. Stefnandi B geti ekki átt bótarétt vegna húsleitarinnar þar sem hann sé ekki eiginlegur þolandi hennar. Hann hafi búið hjá foreldrum sínum sem haft hafi umráð yfir húsnaðinu. Engar takmarkanir hafi verið á leitarheimild lögreglu vegna umráðaréttar B og engar athugasemdir verið gerðar við leitina um hann. B geti því ekki byggt bótarétt á ákvæði 246. gr. laganna um bætur vegna húsleitar. Hann hafi, á sama hátt og stefnandi A, sjálfur stuðlað að þeim aðgerðum sem

hann krefjist nú bóta fyrir. Ótrúverðugt sé að hann hafi ekki vitað eða mátt hafa grun um umfangsmikla ólöglega ræktun í skúr við dvalarstað hans.

Allar aðgerðir lögreglu í tengslum við málið hafi verið lögmætar og sýkna beri stefnda af kröfu stefnanda B á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Lögregla hafi haft fullnægjandi heimildir til að afla öndunarsýnis frá honum á grundvelli umferðarlaga. Húsleit hafi farið fram að fengnu samþykki föður hans, sem jafnframt hafi verið húsráðandi. Engar takmarkanir hafi verið gerðar á leitarheimild eða þegar leitin hafi farið fram. Stefnandi B hafi ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótalaga um ólögmæta meingerð sé fullnægt og eigi að öðru leyti öll sömu rök við og um sambærilega kröfu stefnanda, A, C og D.

Verði það niðurstaða dómsins að ekki beri að sýkna stefnda og/eða fella niður bætur byggist varakrafa stefnda um verulega lækun dómkrafna á framangreindum málsástæðum og sjónarmiðum vegna sýknu- og lækunarkröfu. Sýnt hafi verið fram á að stefnendur, A og B, hafi án vafa valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem kröfur stefnanda séu reistar á. Jafnvel þó að bætur verði ekki lækkaðar vegna eigin sakar þá séu dómkröfur stefnanda allt of háar og í engu samræmi við dómaframkvæmd í sambærilegum málum. Engin matsgerð eða önnur gögn liggi fyrir í málinu sem styðji þá fullyrðingu stefnanda að þeir hafi orðið fyrir vanlíðan, þjáningum og óþægindum í kjölfar atburðanna. Bætur verði því aðeins dæmdar að álitum og engin dómafordæmi séu fyrir þeirri fjárhæð sem stefnendur krefjist.

Til stuðnings kröfum stefnda um málskostnað vísist til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. og 130. gr.

Niðurstaða

Í 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála segir að maður, sem borinn hefur verið sökum í sakamáli, eigi rétt til bóta eftir 2. mgr. sömu lagagreinar, meðal annars ef mál hans hefur verið fellt niður. Samkvæmt fyrri málslíð 2. mgr. greinarinnar má dæma bætur vegna aðgerða eftir IX. til XIV. kafla laganna ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Þá segir í 3. mgr. sömu lagagreinar að hafi maður ekki verið borinn sökum í sakamáli eigi hann þó engu að síður rétt til bóta ef hann hefur beðið tjón af þeim aðgerðum sem taldar eru upp í 2. mgr. Eftir síðari málslíð bæði 2. og 3. mgr. má þó fella bætur niður eða lækka þær ef sakborningur samkvæmt 2. mgr. eða annar maður samkvæmt 3. mgr. hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Ekki eru sett frekari skilyrði fyrir hinni hlutlægu bótaábyrgð, sem gildir um báðar málsgreinar, samkvæmt XXXIX. kafla sakamálalaga. Samkvæmt 5. mgr. sömu lagagreinar skal bæta fjártjón og miska samkvæmt henni ef því er að skipta.

Í máli þessu krefjast allir stefnendur miskabóta vegna aðgerða lögreglu þann 22. nóvember 2018 og hafa ekki sýnt fram á að hafa hlotið af þeim tjón af öðrum toga. Ekkert

er upplýst um að stefnendur hafi sjálfir valdið eða stuðlað að þessum aðgerðum. Eru kröfur stefnanda A og ólögráða barna hennar byggðar á 3. mgr. 246. gr. m.a. vegna húsleitar á heimili þeirra. Kröfur stefnanda B byggjast annars vegar á sömu lagaheimild vegna húsleitar á heimili hans og hins vegar á 2. mgr. ákvæðisins vegna afskipta lögreglu af honum þegar hann, þá 18 ára gamall ökumaður, kom akandi að þar sem lögregla vaktaði vettvang vegna rökstudds gruns um fíkniefnaframleiðslu í skúr við heimili hans.

Samkvæmt 52. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er ökumanni vélknúins ökutækis skylt að kröfu lögreglu að gangast undir öndunarpróf og láta í té svita- og munnvatnssýni með þeim hætti sem lögregla ákveður ef tilteknar ástæður eru fyrir hendi, þ. á m. við reglubundið umferðareftirlit, eða ef ástæða er til að ætla að brotið hafi verið gegn banni við ölvunar- eða fíkniefna akstri, og annast lögregla töku munnvatnssýnis. Framburður lögreglumanna fyrir dómi var ekki skýr um ástæðu sýnatöku við heimkomu B, en þar kom annars vegar fram að um hefðbundið umferðareftirlit hefði verið að ræða og hins vegar sú ástæða að lögreglumenn hefðu þá þegar haft rökstuddan grun um að fíkniefnaframleiðsla færi fram á lóðinni, en ekki væri vitað hverjir heimilismanna stæðu að henni eða neyttu efnanna. Við þessar aðstæður var lögreglu á grundvelli umferðarlaga heimilt að krefja B um munnvatnssýni þótt ekki væri um reglubundið umferðareftirlit að ræða. Þó að ekki kæmi til valdbeitingar var B færður í lögreglubifreið til sýnatöku og haldið þar í skamma stund meðan niðurstöðu var beðið. Sætti hann því í raun handtöku á meðan í skilningi 90. gr. sakamálalaga, grunaður um refsiverða háttsemi sem sakborningur, sbr. 27. gr. laganna. Var hann að þessu loknu látinn laus og var mál hans því fellt niður í skilningi 1. mgr. 246. gr. laganna. Ekkert sem fram er komið í málinu, þar með talinn framburður B fyrir dómi, styður fullyrðingu í stefnu um að líkamsleit hafi farið fram samkvæmt 76. gr. sakamálalaga, en óumdeilt er að tekið var munnvatnssýni og að það var rannsakað af lögreglu, sem telst líkamsrannsókn í þágu rannsóknar gerð honum að meinalausu, sbr. 1. mgr. 77. gr. sömu laga. Samkvæmt þessu, og m.a. með hliðsjón af dómum Hæstaréttar í málum nr. 451/2015 og nr. 191/2017, á stefnandi B rétt til bóta á grundvelli 2. mgr. 246. gr. laganna vegna miska af handtöku og af sýnatöku sem leiddi til niðurfellingar rannsóknar, sem að álitum verða ákveðnar 75.000 krónur.

Samkvæmt því sem upplýst þykir í gögnum málsins og í framburði fyrir dómi um atburði þennan dag við grunnskóla stefnanda D hafði E faðir hans gefið lögreglu munnvatnssýni vegna gruns um fíkniefnanotkun áður en hann fór inn í skólann til þess að sækja son sinn. Sýnið hafði gefið jákvæða svörun og var lögreglu því rétt að meina E að aka brott með drenginn. Drengurinn var inni í bifreið föður síns þar til móðir hans kom til að sækja hann og hélt lögregla sig til hlés á meðan að beiðni E vegna viðkvæmni drengsins, enda þótt E væri í raun handtekinn á þeim tíma. Þó að lögreglubifreiðinni væri lagt við skólann á meðan verður ekki fallist á að atvik og aðstæður hafi verið með þeim

hætti að drengurinn eða móðir hans hafi hlotið miska af sem stefnda beri að bæta og beindust aðgerðir lögreglu ekki að þeim.

Ekki er annað upplýst en að stefnandi A hafi verið frjáls ferða sinna daginn sem atvik málsins urðu og hafi aldrei sætt handtöku eða öðrum afskiptum lögreglu en þeim að vera innt eftir lykklum að skúr á lóðinni við hlið heimilis hennar. Kvaðst hún engin umráð hafa yfir skúrnum og beindust því ekki að henni aðgerðir og athafnir lögreglu á lóð við skúrinn sem fólust í athugun skúrsins utanhúss og vöktun hans sem vettvangs brots sem til rannsóknar var þar til leit hófst að fenginni heimild. Hvorki A né yngri börn hennar, sem hún hafði heima við þannig að þau gátu séð lögreglu athafna sig á lóðinni og kanna ástand öikumansins B, eiga rétt til bóta vegna miska af þeim sökum. Þá verður ekki fallist á að lögreglu hefði borið að kalla fulltrúa barnaverndaryfirvalda til við þessar aðstæður, enda ekkert komið fram um að lögregla hefði fengið ástæðu til að óttast um velferð barnanna í umsjón móður á heimili þeirra.

Húsleit felur óhjákvæmilega í sér röskun á friðhelgi einkalífs og heimilis, sem allir eiga stjórnarskrárvarinn rétt til, burtséð frá aldri, og breytir í því efni engu hvort um húsráðendur er að ræða eða aðra heimilismenn. Allir stefnendur máttu þola húsleit á heimili sínu og verða þegar af þeirri ástæðu taldir hafa orðið fyrir miskatjóni sem ekki þarf frekar að sanna og stefndi ber hlutlæga bótaábyrgð á samkvæmt 3. mgr. 246. gr. sakamálalaga. Við mat á fjárhæð bóta hvers og eins vegna húsleitar, sem ákveðnar verða að álitum, er m.a. til þess að líta að stefnendur fóru af heimilinu áður en leitin hófst og af því tilefni að hún stóð fyrir dyrum. Máttu þau fullorðnu, A og B, þá gera sér grein fyrir því hvað til stóð og hvað í leit fælist. Miskabætur til þeirra vegna húsleitar verða ákveðnar með 75.000 krónum til hvors um sig. Verður að ætla að börnin D og C, sem þá voru átta og tíu ára gömul, hafi ekki getað gert sér grein fyrir því fyrir fram hvað í leit fælist og því verið brugðið við heimkomu, svo sem lýst er í stefnu, þótt ekkert sé fram komið sem bendi til annars en að meðalhófs og tillitssemi hafi verið gætt við leitina. Verður stefnda gert að bæta börnunum miskatjón hvors þeirra um sig með 150.000 krónum vegna húsleitar á heimili þeirra.

Aðgerðir lögreglu við rannsókn á afbrotum E þennan dag, sem bitnuðu á stefnendum með framangreindum hætti, voru í heild sinni lögmætar og meðalhófs gætt. Ekki var unnin ólögmæt meingerð gegn frelsi og friði stefnenda þannig að réttur til bóta vegna þeirra atvika verði byggður á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eða öðrum réttarheimildum sem byggt er á til vara í stefnu.

Kröfur stefnenda um vexti og dráttarvexti hafa ekki sætt sérstökum andmælum stefnda og verður á þær fallist svo sem nánar greinir í dómsorði.

Stefnendur njóta gjafsóknar í málinu samkvæmt tveimur gjafsóknarleyfum, annars vegar veittu stefnanda B og hins vegar veittu stefnanda A og yngri börnum hennar. Verður málskostnaður að þessu virtu felldur niður milli aðila, en allur

gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns þeirra allra, Flosa Hrafns Sigurðssonar, sem ákveðin er án virðisaukaskatts og í einu lagi, samtals 1.200.000 krónur.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda A 75.000 krónur, stefnanda C 150.000 krónur, stefnanda D 150.000 krónur og stefnanda B 150.000 krónur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. málslíð 4. gr., laga nr. 38/2001, frá 22. nóvember 2018 til 26. september 2019, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, til greiðsludags.

Málkostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun Flosa Hrafns Sigurðssonar lögmanns, 1.200.000 krónur.

Kristrún Kristinsdóttir